



Reykjavík 12. desember 2018

Til: Borgarráð

R18100394

WiFi4EU

Reykjavík hlýtur styrk til uppsetningar á þráðlausu neti í almannarými innan WiFi4EU verkefnis Evrópusambandsins

ESB styrkir sveitarfélög til uppsetningar á þráðlausri nettengingu í almenningsrýmum t.d. opinberum byggingum, almenningsgörðum, bókasöfnum, heilsugæslu og öðrum stöðum sem heyra undir rekstur sveitarfélagsins. Styrkurinn nemur €15.000 og er í formi inneignar sem sveitarfélag eða netþjónustuaðili innheimtir þegar nettenging hefur sannanlega verið innleidd og er orðin virk. Styrkinn skal nýta til kaupa á tæknibúnaði og uppsetningu hans en sveitarfélag stendur straum af rekstrarkostnaði netsins. Sveitarfélag skuldbindur sig til reksturs nettengingarinnar í 3 ár.

WiFi4EU styrkir að þessu sinni þrjú íslensk sveitarfélög eða Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað og Sveitarfélagið Skagafjörð. Í Reykjavík er ætlað er að setja netið upp á svæðinu umhverfis Arnarhól og Hafnartorg.

Alls hlutu 2.800 sveitarfélög styrk af þeim 13.000 sem sóttu um innan EES-svæðisins. Tekið var við umsóknum 7. til 9. nóvember sl. en styrkhafar eru dregnir út úr þeim umsóknum sem berast.

Sjá <https://ec.europa.eu/digital-single-market/en/news/winners-wifi4eu-call-announced>

Óskar J. Sandholt
Skrifstofustjóri
Skrifstofa þjónustu og reksturs